


Gildandi skipulag

# Breyting á aðalskipulagi
# Íbúðar- og stofnanasvæði í Giljahverfi

Bæjarstjórn Akureyrar leggur til að aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018 verði breytt á eftirfarandi hátt: Íbúðarsvæði 1.42.1 Íb, Giljahverfi, og svæði 1.42.2 S, stofnanasvæði Giljaskóla og Kiðagils, eru stækkuð á kostnað óbyggðs svæðis norðvestan stofnanalóðarinnar. Tilefni breytingarinnar eru áform um byggingu sérhæfðra þjónustuíbúða.

## Breytingar á greinargerð

Gerð er breyting á ákvæðum um viðkomandi svæði í töflum í köflum 4.2 og 4.3.

### Kafli 4.2 Íbúðarsvæði

Lýsing og skipulagsákvæði íbúðarsvæðisins í Giljahverfi eru leiðrétt og er nú gerð grein fyrir stefnu um þéttleika hverfisins.

**Gildandi skipulag:**

| Nr. | Stærð | Svæði | Lýsing | Skipulagsákvæði |
|---|---|---|---|---|
| 1.42.1 Íb | 40,6 | Giljahverfi | | Sem næst fullbyggt og fullmótað hverfi. |

**Breytt skipulag:**

| Nr. | Stærð | Svæði | Lýsing | Skipulagsákvæði |
|---|---|---|---|---|
| 1.42.1 Íb | 41,2 | Giljahverfi | Fullbyggt og fullmótað hverfi. | Uppbygging skv. deiliskipulagi. Þéttleiki 17,3 íb/ha. |

### Kafli 4.3 Svæði fyrir þjónustustofnanir

**Gildandi skipulag:**

| Nr. | Stærð | Svæði | Lýsing | Skipulagsákvæði |
|---|---|---|---|---|
| **1.42.2 S** | 2,8 | Giljaskóli, Kiðagil. | Grunnskóli og leikskóli. | Uppbygging skv. deiliskipulagi. |

**Breytt skipulag**

| Nr. | Stærð | Svæði | Lýsing | Skipulagsákvæði |
|---|---|---|---|---|
| **1.42.2 S** | 3,2 | Giljaskóli, Kiðagil. | Grunnskóli og leikskóli. | Uppbygging skv. deiliskipulagi. |

## Breyting á skipulagsuppdrætti

Íbúðarsvæði 1.42.1 Íb og svæði 1.42.2 S eru stækkuð á kostnað óbyggðs svæðis. Umferðartenging verður við Borgarbraut á móts við Bugðusíðu.

## Áhrifamat - umhverfisskýrsla

Breyting þessi felur ekki í sér stefnu um leyfisveitingar til framkvæmda, sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif sbr. ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Farið er með breytinguna í samræmi við ákvæði laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana að ósk Skipulagsstofnunar.

Breytingin felur m.a. í sér breytingu á gatnamótum á tengibraut. Helstu áhrifaþættir breytingarinnar eru á samgöngur en umferð eykst óverulega vegna stækkunar og nýrrar tengingar inn í íbúðahverfi. Breyting á landnotkunarreitum og ný tenging felur ekki í sér breytingu á loftgæðum, heilsu, öryggi eða eignum frá núverandi ástandi til langs tíma litið. Á framkvæmdatíma gætu orðið neikvæð staðbundin áhrif á þessa þætti. Í deiliskipulagi verður gerð grein fyrir útfærslu gatnatengingar, lóða og bygginga svo og hljóðvist og sjónrænum áhrifum vegna hljóðvarna.

Óbyggt svæði, sem tekið er undir íbúðarsvæði og stofnanasvæði, hefur verið nýtt sem boltavöllur. Stækkuð skólalóð Giljaskóla mun nýtast íbúum Giljahverfis sem opið leik- og útivistarsvæði. Auk þess er Giljahverfi á jaðri byggðar og liggur að opnu landi, sem nýtist vel til útivistar.

Breytingin styður markmið í aðalskipulagi Akureyrar um að skapa fötluðum skilyrði til að taka hindrunarlaust þátt í samfélaginu á við aðra þjóðfélagshópa.




Breytt skipulag

Mkv.: 1:10.000

SKÝRINGAR

LANDNOTKUN

- Mörk skipulagssvæðis
- Þéttbýlismörk
- Íb Íbúðarsvæði
- S Svæði fyrir þjónustustofnanir
- M Miðsvæði, miðbær
- V Verslunar- og þjónustusvæði
- A Athafnasvæði
- H Hafnarsvæði, flugvallarsvæði
- I Iðnaðarsvæði
- F Svæði fyrir frístundabyggð
- Óbyggð svæði
- O Opin svæði til sérstakra nota
- R Sorpförgunarsvæði
- Hverfisverndarsvæði
- N Náttúruverndarsvæði, fólkvangur
- N Náttúruverndarsvæði, svæði á náttúruminjaskrá
- Strandsvæði í flokki B
- E Efnistökusvæði
- Landfylling
- Ný strandlína, útgrafið
- R Fornminjar
- Blönduð landnotkun
- Stofnanasvæði með útivistargildi

Grunnkort:
Umhverfisdeild Akureyrar
Myndmældur hæðarlínugrunnur

ÞJÓNUSTUKERFI

- Stofnbraut
- Tengibraut
- Aðrir vegir/götur
- Aðalstígar
- Útivistarstígar
- Reiðleiðir
- R Flutningslínur rafveitukerfis (Loftlínur)
- R R Svæði fyrir háspennulínur, línufjöldi ekki tilgreindur
- R Flutningslínur rafveitukerfis (Jarðstrengir)
- H Aðveitulögn hitaveitu
- V Aðveitulögn vatnsveitu
- F Útrás fráveitu
- L Ljósleiðari
- D Dælustöðvar fráveitu og fráveitumannvirki

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 31. gr skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar þann ______________

______________________
bæjarstjórinn á Akureyri

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun í samræmi við 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

þann ______________

______________________ ______________________

# AÐALSKIPULAG AKUREYRAR 2005-2018

BREYTING
Íbúðar- og stofnanasvæði í Giljahverfi

Skipulagsdeild Akureyrarbæjar — Mælikvarði 1:10.000 — Dags. 22.11.2012

TEIKNISTOFA ARKITEKTA
GYLFI GUÐJÓNSSON OG FÉLAGAR ehf.
arkitektar faí
KAUPANGI V/MÝRARVEG, 600 AKUREYRI, SÍMI 461 5508, NETFANG: arni@teikna.is
SKÓLAVÖRÐUSTÍG 3, 101 REYKJAVÍK, SÍMI 552 8740, VEFFANG: www.teikna.is